

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 2002

17. janúar 2002

57

Nr. 38

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja, nr. 84 30. janúar 1997.

1. gr.

3. gr., sbr. auglýsingu nr. 795 29. desember 1998, orðist svo:

Gjald fyrir skráningarmerki skal vera 2.815 kr. hvert merki.

Gjald fyrir skráningarmerki sem afhent er í stað skráningarmerkis af eldri gerð skal þó vera 2.065 kr.

Eigandi ökutækis sem bera á skráningarmerki af eldri gerð (fornbifreiðir o.fl.) greiðir kostnað við gerð þeirra.

Gjald fyrir vörslu skráningarmerkja sem eigandi ökutækis leggur inn hjá skráningarstofu eða aðila í umboði hennar skal vera 1.500 kr. Gjaldið greiðist fyrirfram.

Gjald fyrir aðra vörslu skráningarmerkja umfram einn mánuð skal vera 1.500 kr.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 21. janúar 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

17. janúar 2002

Nr. 39

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 4/2002 um reiknað endurgjald 2002.

Reglur og viðmiðunarfjárhæðir tekjuárið 2002.

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, vegna starfa á árinu 2002 og fyrir álagningu gjaldárið 2003. Reglur þessar eru til viðmiðunar reiknaðs endurgjalds fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum